

**Ed.**

**462. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Við 1. gr. 1. Orðin »kornvörum«, steinollu« falli burt. Aftan við »krite« bætist: sóða.

Við 1. gr. 2. Aftan við »stunnahlutum« bætist: nema síldartunnum og kjöltunnum og tilsníðnu efni í þær. Á eftir »bifvjelum (mótorum), heilum og í hlutum« komi: rafmagnsvökum, vatshreyfivjelum.

Við 1. gr. 4. a. Liðurinn orðist þannig:

Af salti 1 kr. af hverri smálest.

Við 1. gr. 4. b. Liðurinn orðist þannig:

Af kolum 1 kr. af hverri smálest.

Aftan við bætist nýr staflidur, c:

Af steinolíu 15 auro af hverjum 50 kg.

Málgreinin »Kolatoll . . . . . eru í gildi« fellur niður.

Aftan við orðin »endursendar umbúðir« í niðurlagi 1. másl. næstsíðustu málsgr. 1. gr. bætist: sildartunnur og kjöttunnur og tilsníðið efni í þær, þar á meðal gjarðæfni, ennfremur kornvörur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1926.

3. gr.

Þegar lög þessi hafa fengið staðfesting, skal fella texta þeirra og laga nr. 32, 27. júní 1925, inn í meginmál laga nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll, raða upptalningunum í 1. gr. 1. og 1. gr. 2. eftir stafrófsröð og gefa þau út svo breytt.